

P I N G G E R D K . K . I

ÁRSÞING KÖRFUKNATTLEIKSSAMBANDS ÍSLANDS.

Haldið á Hótel Heklu 13. og 14. maí 1983.

Fyrri þingdagur.

ÞINGSETNING.

Formaður KKÍ, Helgi Ágústsson setti þingið og bauð fundarmenn velkomna. Því næst minntist hann Jóhannesar Sæmundssonar og bað þingheim um að votta honum virðingu sína með því að rísa úr sætum. Hann bauð Svein Björnsson forseta ÍSÍ velkominn og einnig Hermann Guðmundsson framkvæmdastjóra ÍSÍ sem kjörinn var forseti þingsins. Ritari þingsins var skipaður Gunnar Valgeirsson og vararitari Margrét Eiríksdóttir.

KOSNING KJÖRBRÉFANEFNDAR.

Í kjörbréfanefnd voru kosnir Sigurður Valur Halldórsson, Gunnar Valgeirsson og Einar Bollason. Tók nefndin þegar til starfa.

KOSNING FASTRA NEFNDA.

Stungið var upp á Guðmundi Hallgrímssyni, Helga Ágústssyni og Gunnari Valgeirssyni í kjörnefnd og voru þeir kosnir.

Stungið var upp á Lárusi Hólm, Davíð Sveinssyni og Hilmari Hafsteinsyni í Allsherjarnefnd og voru þeir kosnir.

Stungið var upp á Þórdísi Kristjánsdóttir, Kristni Guðnasyni og Helga Helgasyni í Fjárhagsnefnd og voru þau kosin.

Stungið var upp á Þorsteini Hallgrímssyni, Torfa Magnússyni og Guðna Ölverssyni í Laga- og leikreglnanefnd og voru þeir kosnir.

FRÁFARANDI STJÓRN GEFUR SKÝRSLU.

Helgi Ágústsson rakti störf stjórnar s.l. tímabil.

Þar sem formaður dómarnefndar, Jón Otti Ólafsson, var ekki viðstaddur rakti Helgi Ágústsson skýrslu dómarnefndar.

Steinn Sveinsson flutti því næst skýrslu landsliðsnefndar.

Þingforseti ályktaði að rétt væri að taka skýrslur og reikninga saman á einu bretti áður en aðrar tillögur yrðu ræddar.

Því næst gerði Einar Bollason grein fyrir störfum kjörbréfanefndar.

Mættir voru 42 fulltrúar og von á fleirum síðari þingdaginn.

Helgi Helgason, framkvæmdastjóri KKÍ, flutti reikninga sambandsins í fjarveru gjaldkera, Kolbrúnar Jónsdóttur. Einnig þakkaði hann frábært samstarf við stjórn KKÍ.

Kristinn Stefánsson gerði næst grein fyrir reikningum landsliðsnefndar.

UMRÆÐUR UM SKÝRSLU STJÓRNAR.

Sveinn Björnsson forseti ÍSÍ tók nú til máls. Flutti hann kveðjur framkvæmdastjórnar ÍSÍ. Tók hann undir orð Helga Ágústssonar og þakkaði Helga Helgasyni framkvæmdastjóra KKÍ mjög vel unnin störf. Kvað hann skýrslu KKÍ bera vott um mikið umfang. Sagði hann ríkisvaldið aðeins greiða sem svaraði 10% af kostnaði íþróttahreyfingarinnar og þess vegna þyrfti hún að leita mikið til sveitastjórna, auk eigin fjáröflunar. Taldi hann athugunarvert að fara meira út í "Lottó" á vegum íþróttahreyfingarinnar og nefndi þar sem dæmi framkvæmd þess í Þýskalandi og á Norðurlöndum. Kvaðst hann munu fljótt taka upp viðræður við stjórn ÍSÍ um þetta mál. Því næst talaði hann um byggingu þjónustumiðstöðvar í Laugardal sem meiningin er að verði fókheld á þessu ári. Gerði hann og grein fyrir áætlaðri notkun hússins.

Hann taldi ferðakostnað íþróttafélaganna vera stærsta vandamál íþróttahreyfingarinnar í dag og nefndi sem dæmi að UMSE yrði ekki með í fyrstu deild í blaki næsta keppnistímabils vegna þessa. Taldi hann meiri samræmingu móta geta sparað ferðakostnað að mun. Hann minntist á samning ÍSÍ við Flugleiðir, Arnarflug og Flugfélag Norðurlands.

Óskaði hann að lokum þinginu og körfuknattleik góðs gengis.

Kristinn Stefánsson kvaddi sér hljóðs um reikninga landsliðsnefndar. Gerði hann grein fyrir einni færslu í efnahagsreikningi og um leið talaði hann um að lokun reikninga nefnda og dagsetning þings KKÍ færi illa saman.

Skýrslur og reikningar stjórnar voru síðan samþykkt samhljóða.

Fjárhagsáætlun var lögð fram og henni vísað til fjárhagsnefndar.

LAGÐAR FRAM LAGA- OG LEIKREGLNABREYTINGAR.

Helgi Ágústsson gerði grein fyrir þeim breytingum sem nefnd, er unnið hefur að þessum málum frá síðasta þingi, hefur gert á lögum KKÍ. Gerði hann einnig grein fyrir öðrum lagabreytingum sem lágu fyrir þinginu, svo og leikreglnabreytingum.

Þingforseti lagði til að þingskjöl yrðu merkt og var það gert.

Tillögum um laga- og leikreglnabreytingar var síðan vísað til laga- og leikreglnanefndar.

UMRÆÐUR UM AÐRAR FRAMKOMNAR TILLÖGUR.

Þorsteinn Hallgrímsson óskaði eftir skýringum á reglum ÍSÍ um keppnisleyfi fyrir erlenda þátttakendur í íþróttum.

Hermann Guðmundsson skýrði síðan þetta mál fyrir þingheimi. Lagði hann síðan til að þingskjali nr. 5 yrði vísað til Allsherjarnefndar. Varð það samþykkt samhljóða.

Þorsteinn Hallgrímsson óskaði eftir skýringum á þingskjali nr. 6.

Sigurður Valur Halldórsson skýrði fyrir þingheimi ástæður þess að hann bar þessa tillögu fram.

Þorsteinn Hallgrímsson óskaði eftir skýringum á þingskjali nr. 7.

Helgi Ágústsson útskýrði síðan málið.

Guðmundur Hallgrímsson bar fram breytingartillögu við fylgiskjal nr. 8 um að erlendum leikmönnum yrði óheimilt að leika með íslenskum

liðum keppnistímabilið 1983-1984.

Einar Bollason ræddi þessa tillögu og lagði til að hún yrði ekki samþykkt.

Guðmundur Hallgrímsson kom aftur upp í ræðustól og gerði athugasemdir við orð Einars.

Stefán Ingólfsson kvaddi sér hljóðs og ræddi málið vítt og breytt og bað menn að hugsa þessar tillögur og áhrif þeirra vel.

Einar Bollason kom síðan upp og gerði grein fyrir fyrri málflutningi sínum.

Þingforseti lagði til að þingskjali nr. 8 og breytingartillaga nr. 8a yrði vísað til Allsherjarnefndar. Var það samþykkt.

Þorsteinn Hallgrímsson óskaði eftir skýringum á fylgiskjali nr.9 .

Einar Bollason kom í ræðustól og veitti þær fyrir hönd flutningsmanna tillögunnar.

Steinn Sveinsson taldi tillöguna hafa hættu í för með sér fyrir undirbúning landsliðs að vori.

Guðmundur Hallgrímsson gerði athugasemd við tekjuhliðina í dæminu.

Einar Bollason kom í ræðustól og skýrði framkomna tillögu á þingskjali nr. 11.

Eiríkur Sigurðsson gerði athugasemd við tillögu Einars.

Jón Viðar Matthíasson gerði ennfremur athugasemd við þessa tillögu.

Lárus Hólm skýrði framkomna tillögu í þingskjali nr. 12.

Stefán Ingólfsson sté í ræðustól og óskaði eftir skýringum á lögum er tengdust þessari tillögu.

Guðni Ölversson skýrði fyrir fundarmönnum þær reglur er farið væri eftir í þessum efnum.

Samþykkt var samhljóða að vísa öllum tillögum nema þingskjölum nr. 7, 8, 8a og 10 til Laga- og leikreglnanefndar. Öðrum tillögum vísað til Allsherjarnefndar.

Lárus Hólm og Helgi Helgason gerðu báðir grein fyrir aukatillögum.

Samþykkt samhljóða að vísa fylgiskjali nr. 16 til Fjárhagsnefndar.

Þorsteinn Hallgrímsson gerði fyrirspurn til forseta ÍSÍ um "Lottó".

Sveinn Björnsson útskýrði í stuttu máli hvað "Lottó" væri.

Kristinn Stefánsson bar upp tillögu um breytingu á reikningshaldi KKÍ þannig að allir reikningar væru í þríriti til að auðvelda endurskoðun.

Helgi Helgason lýsti yfir stuðningi við tillögu Kristins og gerði grein fyrir áður framkominni tillögu sinni.

Samþykkt var samhljóða að vísa tillögu Kristins til Fjárhagsnefndar.

Að lokum kvaddi þingforseti nefndir til starfa og gerði þinghlé til næsta dags.

ÞINGHLÉ

Annar þingdagur.NEFNDARÁLIT, UMRÆÐUR OG ATKVÆÐAGREIÐSLUR.LAGA- OG LEIKREGLNANEFND.

Þorsteinn Hallgrímsson gerði grein fyrir þeim málum sem lágu fyrir nefndinni og skýrði frá álitni nefndarinnar á þeim.

Nefndin lagði til að þingskjöl nr. 3 og nr. 4 yrðu bæði samþykkt. Voru þau síðan samþykkt bæði samhljóða.

Báðar voru þessar tillögur lagabreytingar og voru lögin með þessum áorðnu breytingum samþykkt samhljóða.

Þorsteinn kvað þingskjál nr. 6 hafa valdið nokkrum umræðum í nefndinni, en meirihluti hennar lagði þó til að hún yrði samþykkt.

Lárus Hólm tók til máls og lagði til að þessi tillaga yrði felld. Flutningsmaður þessarar tillögu, Sigurður Valur Halldórsson, svaraði málflutningi Lárusar og hvatti til þess að hún yrði samþykkt. Guðmundur Hallgrímsson tók til máls og lagði til að tillagan yrði felld. Sigurður Valur Halldórsson svaraði málflutningi Guðmundar. Guðni Ólversson tók til máls og lagði til að tillagan yrði samþykkt.

Tillagan í þingskjali nr. 6 var síðan samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Þorsteinn Hallgrímsson gerði grein fyrir þingskjali nr. 9. Lagði nefndin til að fyrri hluti tillögunnar yrði samþykktur.

Samþykkt svo þingið þennan hluta samhljóða.

Þorsteinn sagði nefndina ekki hafa tekið afstöðu til síðari hluta tillögunnar, en hann skilaði álitni frá nefndinni um almenna kosti og galla hennar.

Guðmundur Hallgrímsson tók til máls og lýsti áhyggjum sínum yfir að margt yrði óljóst í þessu máli.

Steinn Sveinsson taldi að tillagan hefði í för með sér erfiðleika fyrir landsliðið.

Helgi Ágústsson taldi að kanna þyrfti þetta mál vel og samsinnti Þorsteinn Hallgrímsson honum.

Torfi Magnússon tók til máls og kvað þessa tillögu til bóta varðandi keppni í úrvaldsdeild. Lagði hann til að þessi tillaga yrði samþykkt.

Kristbjörn Albertsson ræddi um þessa tillögu og lagði hann til við þingheim að hún yrði samþykkt.

Frávísunartillaga kom fram í þessa tillögu og var hún felld með 16 atkvæðum gegn 13.

Tillagan var síðan borin undir atkvæði og var hún samþykkt með 18 atkvæðum gegn 10.

Helgi Ágústsson tók þá til máls og vildi sérstaklega þakka mikinn stuðning SÍS við KKÍ og bauð velkomna fulltrúa þess til þingsins þá Gunnstein Karlsson og Guðmund Guðmundsson. Sæmdi hann þessa heiðursmenn gullmerki KKÍ.

Guðmundur tók því næst til máls og þakkaði veitta viðurkenningu. Sagðist hann vona að núverandi fyrirkomulag SÍS, þ.e. styrkveitingar til sérsambanda, kæmi að meira gagni en hið gamla og nefndi að þeir hjá SÍS hefðu vonað að fleiri kæmu á eftir sem reyndar virtist vera raunin á. Að lokum óskaði hann KKÍ heilla.

Hermann Guðmundsson forseti þingsins tók þá til máls og nefndi hinn mikla rausnarskap SÍS við Íþróttaförystuna.

Þá tók Þorsteinn Hallgrímsson aftur til máls f.h. Laga- og leikreglna-nefndar varðandi þingskjal nr. 11. Nefndin lagði til að þessi tillaga yrði samþykkt með breytingartillögum.

Forseti þingsins tók þá til máls og vísaði þessari breytingartillögu frá.

Guðmundur Hallgrímsson kom með ábendingu um að leikir í 2. fl. karla og úrvalsdeildarleikir rækjust ekki á svo að álag á 2. fl. pílta yrði ekki of mikið.

Þorsteinn Hallgrímsson benti á að tillagan yrði til þess að álagið minnkaði á þá ef eitthvað væri.

Þingskjal nr. 11 var síðan samþykkt samhljóða.

Þorsteinn fjallaði þá um álit nefndarinnar á þingskjali nr. 12 um tekjuskiptingu í bikarkeppni. Sagði hann að meirihluti nefndarinnar legði til að tillagan yrði samþykkt.

Tillagan var síðan borin upp og samþykkt með yfirgnæfandi meirihluta.

Þorsteinn kvað nefndina samhljóða um að þingskjal nr. 13 yrði samþykkt.

Var þessi tillaga síðan samþykkt samhljóða.

Nefndin lagði einnig til að þingskjal nr. 14 yrði samþykkt.

Var þessi tillaga síðan samþykkt samhljóða.

Þá var borin upp tillaga frá Helga Ágústssyni og Guðmundi Hallgrímssyni um skipan kjörnefndar fyrir ársþing KKÍ sem Laga- og leikreglna-nefnd fékk til umfjöllunar.

Var þessi tillaga samþykkt samhljóða.

ALLSHERJARNEFND.

Lárus Hólm gerði grein fyrir þeim málum sem lágu fyrir nefndinni og skýrði frá álitum hennar á þeim.

Nefndin lagði til að þingskjal nr. 10 yrði samþykkt.

Var það síðan gert af þingheimi.

Lárus fjallaði því næst um þingskjal nr. 16 og um samninganefnd KKÍ við Ríkisútvarpið. Nefndin lagði til að þessi tillaga yrði samþykkt.

Var tillagan síðan borin upp og samþykkt samhljóða.

Þingforseti bar síðan undir þingheim hvort sú túlkun á þessari tillögu væri ekki rétt að stjórn KKÍ bæri að skipa í þessa nefnd. Mót-mælti því enginn.

Lárus Hólm gerði þá grein fyrir þingskjali nr. 7. Sagði hann nefndina ekki hafa tekið afstöðu til þess hvort þessi tillaga skyldi samþykkt eður ei.

Kom síðan til umræðu hvort þessi tillaga gæti hugsanlega haft áhrif á störf erlends dómara sem rætt hefur verið um að fá hingað til lands.

Var þessi tillaga síðan lögð fram og samþykkt einróma.

Lárus kom þá enn á ný í stól og taldi hann best að taka þingskjöl 5, 8 og 8a til meðferðar í einu, þar sem þau fjölluðu öll um sama efni þ.e. erlenda leikmenn.

Flutningsmenn tillögu á þingskjali nr. 5 drögu þá tillögu sína til baka.

Lárus sagði nefndina telja þessar tillögur keimlíkar en hún legði þó fram breytingartillögu sem merkt var þingskjal 8a. Gerði Lárus þingheimi grein fyrir þessari tillögu.

Fyrir fundinum lá einnig breytingartillaga frá Rúnari Óskarssyni, Einari Malmberg og Bjarna Magnússyni á þingskjali 8a.

Höfust nú umræður um tillögurnar.

Kristinn Guðnason sagði að sér fyndist menn vera að fara út á hálán ís ef ríkisborgararéttur yrði látin ráða varðandi löggildingu erlendra leikmanna. Sagði hann ennfremur að þetta gæti haft áhrif á íslenska námsmenn sem hefðu verið við nám erlendis og einnig erlenda námsmenn á Íslandi. Lagði hann til að báðar breytingartillögurnar yrðu felldar.

Forseti þingsins sagði að breytingartillaga við þingskjal 8a hefði verið dregin til baka.

Helgi Ágústsson tók næstur til máls og bað menn að gera sér grein fyrir alvöru þessa máls. Nefndi hann rekstrarerfiðleika margra félaga og sagði að dæmið snérist um tvo leikmenn, þá Dakarsta Webster og Stewart Johnson sem hann hvað ekki vilja gerast íslenskur ríkisborgari. Bað hann menn um að sýna öfgalaus stefnu í þessu máli.

Margrét Eiríksdóttir tók til máls og sagði að málið snérist um hvort menn hér vildu spila hér sem áhugamenn eins og aðrir Íslendingar. Við værum í þessu máli einnig að fjalla um fjárhagsstöðu félaganna.

Guðmundur Hallgrímsson hvatti fundarmenn til að líta á málið á breiðum grundvelli en ekki út frá einum eða tveim leikmönnum.

Lárus Hólm skýrði framkomna tillögu Allsherjarnefndar á þessu máli.

Steinn Sveinsson lagði til að tillagan á þingskjali 8a yrði felld.

Kristbjörn Albertsson lagði til að báðar tillögurnar yrðu felldar.

Lárus Hólm kom í ræðustól og vildi vekja athygli fundarmanna á hnökrum sem væru á tillögu á þingskjali 8.

Guðmundur Hallgrímsson ræddi um fjárhagshlið málsins.

Hilmar Hafsteinsson taldi menn almennt ekki hafa komið fram af heilindum í þessu máli. Vildi hann að annaðhvort yrði tillagan á þingskjali 8a samþykkt eða að óbreyttar reglur giltu um þessi atriði.

Þá var gengið til atkvæða um þingskjal 8a.

Kristinn Guðnason o.fl. lögðu til að atkvæðagreiðslan yrði leynileg. Var orðið við þeirri beiðni.

Tillaga þessi var síðan samþykkt með 25 atkvæðum gegn 13, einn skilaði auðu.

FJÁRHAGSNEFND.

Helgi Helgason gerði grein fyrir störfum nefndarinnar.

Þingskjal nr. 16 var tekið til umræðu og var gerð orðalagsbreyting á þessari tillögu. Var hún þannig samþykkt samhljóða.

Þingskjal nr. 17 var tekið til umræðu og samþykkt samhljóða.

Þá var fjárhagsáætlun stjórnar tekin til umræðu.

Kristinn Stefánsson gerði fyrirspurn og nefndi að skuldir landsliðsnefndar voru upp á 85.000.- kr. Farnst honum að óeðlilega væri áætlað að reikna einungis með 30.000.- kr. til greiðslu á eldri skuldum.

Guðmundur Hallgrímsson gerði einnig athugasemd við áætlunina. Fannst honum liðurinn "aðrar tekjur" ofreiknaður og gæti hann ekki séð hvaðan þeir peningar ættu að koma, t.d. væri stærsti tekjustofn KKÍ styrkir frá ÍSÍ, en nú þegar væri ÍSÍ í skuld við KKÍ. Fyrir Val sem ekki hefði kvennalið myndu þátttökugjöld hækka um 30.000.- kr. og fannst honum þessi þróun varhugaverð. Lýsti hann efa sínum í að KKÍ tækist að innheimta útistandandi skuldir sínar.

Helgi Helgason kvaddi sér hljóðs og útskýrði nánar fjárhagsáætlun fyrir Guðmundi Hallgrímssyni og Kristni Stefánssyni sem óskuðu skýringa á einstökum liðum áætlunarinnar.

Steinn Sveinsson lýsti áhyggjum sínum yfir launagreiðslum KKÍ. Taldi hann að sníða ætti stakk eftir vexti í þessum efnunum.

Helgi Helgason kom enn á ný í ræðustól og svaraði fyrirspurn sem fram komu hjá Guðmundi og Kristni. Ennfremur flutti hann tölu um samskipti félaganna við skrifstofu KKÍ.

Kristinn Einarsson fjallaði almennt um tengsl félaganna og KKÍ. Kvartaði hann mikið fyrir hönd síns félags, Hauka.

Kristinn Stefánsson óskaði enn á ný eftir skýringum á launakostnaði KKÍ.

Þórdís Kristjánsdóttir reyndi eftir bestu getu að skýra fyrir þingheimi að fjárhagsáætlun væri samin í anda hinnar hagsýnu húsmóður.

Fjárhagsáætlun var því næst lögð fram til atkvæðagreiðslu og samþykkt samhljóða með áorðnum breytingum.

ÖNNUR MÁL.

Þórdís Kristjánsdóttir lagði fram tillögu um nýja skipulagningu á verkaskiptingu og starfsháttum fyrir stjórn KKÍ. Útskýrði hún einstaka liði tillögunnar.

Helgi Helgason taldi þesa tillögu mjög góða. Talaði hann út frá reyngslu sinni sem framkvæmdastjóri KKÍ s.l. ár.

Þingforseti gerði nú þinghlé.

KOSNINGAR Í EMBÆTTI.

Guðmundur Hallgrímsson greindi frá störfum kjörnefndar.

Kosið var í dómstól KKÍ.

Jón Eysteinnsson var samþykktur í aganefnd áfram.

Tillaga kjörnefndar um formenn KKÍ var Þórdís Anna Kristjánsdóttir. Var hún kosin samhljóða.

Kristinn Stefánsson og Kristbjörn Albertsson voru kosnir í stjórn KKÍ og í varastjórn þeir Gunnar Valgerisson og Helgi Ágústsson.

Endurskoðendur voru kosnir Gunnar Gunnarsson og Sigurður Valur Halldórsson.

Samþykkt var að þingforseti og þingritarar færu inn þinggerð.

ÞINGSLIT.

Helgi Ágústsson sleit síðan þinginu á hefðbundinn hátt.

Dingskjal nr. 2

Fjárhagsáætlun stjórnar K.K.Í. fyrir starfsárið 1983-1984.

Tekjur:

Dáttökugjöld Ísl.mót	kr.	173.000.-
" bikarkeppni	kr.	46.000.-
Innkoma af leikjum	kr.	70.000.-
Leikjaskrá	kr.	50.000.-
Sjónvarp - útvarp	kr.	70.000.-
Styrkur ÍSÍ	kr.	225.000.-
Skólamót - firmakeppni	kr.	30.000.-
Aðrar tekjur (Happdrætti)	kr.	86.000.-
		<hr/>
	kr.	750.000.-

Gjöld:

Framkvæmdastjóri	kr.	185.000.-
Rekstur skrifst.og mótahald	kr.	170.000.-
Menntunarmál - útgáfa	kr.	100.000.-
Fræslustjóri	kr.	45.000.-
Ferðakostnaður	kr.	20.000.-
Til niðurgreiðslu skulda	kr.	30.000.-
Landsliðsmál	kr.	150.000.-
Ófyrirséð gjöld	kr.	50.000.-
		<hr/>
	kr.	750.000.-

Dáttökugjöld:

Ísl.mót	Úrvalsdeild	kr.	6.000.-
	I.deild ka.+ kv.	kr.	4.000.-
	II.deild ka.	kr.	2.000.-
	Minnibolti	kr.	500.-
	Aðrir flokkar	kr.	1.000.-
Bikarkeppni	Meistaraflokkur	kr.	800.-/leik
	Aðrir flokkar	kr.	400.-/leik
Dómaragjald á félag í leik		kr.	500.-

Hækkun á öllum gjöldum nema bikarkeppni yngri fl. með vísitölu vöru og þjónustu.

Lög Körfuknattleikssambands Íslands

Heiti og tilgangur:

1.grein

Körfuknattleikssamband Íslands (KKÍ) er æðsti aðili um öll körfuknattleiksmál innan vébanda Íþróttasambands Íslands (ÍSÍ). Aðsetur sambandsins skal vera í Reykjavík.

2.grein

Körfuknattleikssamband Íslands er samband körfuknattleiksráða, héraðssambanda og íþróttabandalaga og eiga öll þau félög innan ÍSÍ er iðka og keppa í körfuknattleik rétt á aðild að KKÍ.

3.grein

Starf KKÍ er í meginatriðum:

- a) Að hafa yfirstjórn allra íslenskra körfuknattleiksmála.
- b) Að vinna að eflingu körfuknattleiks á Íslandi og vera aðili að Alþjóðakörfuknattleikssambandinu (FIBA). Með hæfilegum fyrirvara skal KKÍ tilkynna framkvæmdastjórn ÍSÍ um áætlanir sínar og ákvarðanir varðandi samskipti við útlönd.

Skipulag:

4.grein

Málefnum KKÍ stjórna:

- a) Körfuknattleikspingið
- b) Stjórn KKÍ.

Körfuknattleikspingið:

5.grein

Körfuknattleikspingið fer með æðsta vald á málefnum KKÍ. Þingið sitja fulltrúar frá þeim aðilum sem mynda KKÍ. Fulltrúafjöldi hvers aðila fer eftir tölu virkra körfuknattleiksiðkenda og skal miðað við kennsluskýrslur hverju sinni þannig að fyrir allt að 50 iðkendur koma 2 fulltrúar og síðan 2 fyrir hverja 50 eða brot úr 50 upp í allt að 200 félagar og þá 1 fulltrúi að auki fyrir hverja 100 félagar fram yfir það.

Þingið skal halda árlega eigi síðar en í maímánuði. Stjórn KKÍ skal boða bréflega til þingsins með minnst sex (6) vikna fyrirvara. Málefni, sem sambandsaðilar óska að tekin verði fyrir á þinginu skulu tilkynnt stjórn KKÍ minnst 21 degi fyrir þing. Þá skal stjórn KKÍ kynna sambandsaðilum dagskrá þingsins ásamt ársskýrslu stjórnar í síðasta lagi 10 dögum fyrir þing.

Körfuknattleikspingið er lögmætt, ef löglega hefur verið til þess boðað.

6.grein

Allir þingfulltrúar skulu hafa kjörbréf og hafa fulltrúar atkvæðisrétt samkvæmt kjörbréfum er þingið hefur samþykkt þau. Auk þeirra eiga rétt á þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- a) Stjórn og varastjórn KKÍ
- b) Endurskoðendur KKÍ
- c) Framkvæmdastjórn ÍSÍ
- d) Framkvæmdastjórnar KKÍ og ÍSÍ
- e) Allir nefndarmenn fastanefnda KKÍ.
- f) Meðlimir dómstóls KKÍ.
- g) Formaður Ólympíunefndar Íslands
- h) Íþróttafulltrúi ríkisins
- i) Einn fulltrúi Körfuknattleiksdómarafélags Íslands
- j) Einn fulltrúi Körfuknattleiksþjálfarafélags Íslands

Auk þess getur stjórn KKÍ boðið öðrum aðilum þingsetu ef hún telur ástæðu til.

Aðeins sá sem er í körfuknattleiksfélagi innan sérráðs eða héraðs-sambands er kjörgengur fulltrúi þess á körfuknattleiksþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði, en auk þess getur hann farið með eitt annað atkvæði samkvæmt skriflegu umboði.

7.grein

Aukaþing má halda ef nauðsyn krefur eða helmingur sambandsaðila óskar þess.

Alla boðunar-og tilkynningarfresti til aukaþings má hafa helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukaþingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa, sem er látinn, veikur eða fluttur úr héraðinu, eða er forfallaður á annan hátt. Á aukaþingi má ekki gera laga-eða leikreglnabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráða-birgðastjórn, ef helmingur kjörinnar stjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum að öðrum orsökum, eða stjórnin að eigin dómi orðin óstarfhæf.

Að öðru leyti gilda um aukaþing sömu reglur og um reglulegt körfuknattleiksþing.

8.grein

Störf körfuknattleiksþings eru:

1. Þingsetning
2. a) Kosning kjörbréfanefndar
b) Kosning fyrsta og annars þingforseta
c) Kosning fyrsta og annars þingritara
3. Kosning fastra nefnda.
a) Fjárhagsnefnd
b) Laga-og leikreglnanefnd
c) Allsherjarnefnd
Nefndir þessar eru skipaðar þremur mönnum hver og kjósa þær sér formann
4. Fráfarandi stjórn gefur skýrslu
5. Gjaldkeri leggur fram endurskoðaða reikninga sambandsins til samþykktar
6. Stjórnin leggur fram fjárhagsáætlanir fyrir næsta ár
7. Lagðar fram laga-og leikreglnabreytingar þær, sem borist hafa til stjórnarinnar.
8. Teknar til umræðu aðrar tillögur og önnur mál, sem borist hafa til stjórnarinnar

- Þinghlé -

9. Nefndarálit og tillögur og atkvæðagreiðslur um þær.
10. Önnur mál
11. Kosning þriggja manna í körfuknattleiksdómstól og þriggja til vara
12. Kosning eins manns í aganefnd til þriggja ára
13. Kosning þriggja manna í nefnd samkvæmt reglugerð um erlenda leikmenn
14. Kosning stjórnar, varastjórnar, endurskoðanda og fulltrúa á íþróttþing
15. Þingfundargerðir lesnar og staðfestar
16. Þingslit.

Fái þeir sem um er kosið, jafnmörg atkvæði, skal kjósa um þá á ný bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum, nema um lagabreytingar sé að ræða, þá þarf 2/3 hluta greiddra atkvæða. Þingið getur með 2/3 atkvæða viðstaddra fulltrúa leyft að taka fyrir mál, sem komið er fram eftir að dagskrá þingsins var send sambandsaðilum.

Ársskýrslu KKÍ, sem stjórnin skal leggja fjölritaða fyrir þingið, og ágrip af fundargerður þingsins, skal senda framkvæmdastjórn ÍSÍ og sambandsaðilum KKÍ innan tveggja mánaða frá þingslitum.

Í ársskýrslu sinni til körfuknattleiksþings skal stjórn KKÍ jafnan gera grein fyrir, hverjar tillögur hún hafi gert til sambandsráðs um úthlutun kennslustyrkja.

9.grein

Stjórn KKÍ fer með æðsta vald í málefnum sambandsins milli þinga. Stjórn KKÍ skipa fimm menn. Formaður skal kosinn til eins árs í senn. Á hverju ári skal kjósa tvo stjórnarmanna til tveggja ára. Kjósa skal tvo varamenn til eins árs í senn og taka þeir sæti í stjórninni í þeirri röð sem þeir eru kjörnir. Til að ná kjöri sem formaður þarf meirihluta greiddra atkvæða. Náist ekki meirihluti við fyrstu kosningu skal kjósa á ný um þá tvo menn sem flest atkvæði hlutu. Ræður þá einfaldur meirihluti atkvæða úrslitum.

Við kjör annarra stjórnarmanna og varamanna gildir sú regla að þeir sem flest atkvæði fá eru rétt kjörnir. Stjórnin skiptir með sér verkum að öðru leyti en ákveðið er í þessum lögum. Formaður KKÍ boðar stjórnarfundi og stjórnar þeim.

Stjórn KKÍ er heimilt að ráða launað starfsfólk m.a. framkvæmdastjóra og skal stjórnin setja honum erindisbréf. Reikningsár KKÍ er frá 1.maí til 30.apríl.

10.grein

Stjórn KKÍ skal strax að loknu körfuknattleiksþingi skipa eftirtaldar nefndir:

- Mótanefnd
- Dómaranefnd
- Landsliðsnefnd
- Unglingalandsliðsnefnd
- Fjárhagsnefnd
- Kjörnefnd

Hver nefnd skal skipuð minnst þremur mönnum, nema annað sé ákveðið í reglugerð.

Stjórn KKÍ skal setja öllum nefndum skipunarbréf. Í upphafi starfsárs skulu nefndir gera starfsáætlun og skal hún lögð fyrir stjórn

KKÍ til staðfestingar.

Nefndir KKÍ hafa ekki sjálfstæðan fjárhag, nema stjórn KKÍ ákveði annað í skipunarbréfi.

Stjórn KKÍ skal boða formenn nefnda og fulltrúa dómara eða þjálfara á stjórnarfundi þegar þurfa þykir eða þeir óska þess.

11. grein

Öll aðildarfélög KKÍ eiga rétt á að tilnefna mann í allsherjarnefnd KKÍ. Í henni eiga einnig sæti stjórnarmenn KKÍ.

Allsherjarnefnd skal boða til funda minnst þrisvar á meðan Íslands-
mót stendur. Eigi skal líða lengri tími en þrjár mánuðir milli funda nefndarinnar. Formaður KKÍ boðar nefndina til fundar og stjórnar fundum hennar. Allsherjarnefnd er vettvangur umræðu um körfuknatt-
leiksmál. Hún er stjórn KKÍ einnig ráðgefandi um lausn ýmissa mála, sem koma upp milli körfuknattleiksþinga.

12. grein

Starfssvið stjórnar KKÍ er m.a.:

1. Að framkvæma ályktanir körfuknattleiksþingsins.
2. að vinna að stofnun nýrra sérráða í samráði við hlutaðeigandi héraðssambönd.
3. Að vinna að eflingu körfuknattleiks í landinu.
4. Að hafa eftirlit með, að leikreglur og reglugerðir fyrir körfuknattleik séu jafnan í nauðsynlegu samræmi við alþjóðareglur.
5. Að taka ákvarðanir um veitingu heiðursmerkja og viðurkenninga.
6. Að senda framkvæmdastjórn ÍSÍ lögboðnar skýrslur.
7. Að líta eftir því, að lög og reglur KKÍ séu haldnar.
8. Að hafa yfirumsjón með landsmótum.
9. Að samþykkja alþjóðamót, sem haldin eru á Íslandi.
10. Að samþykkja þátttöku íslenskra körfuknattleiksliða í alþjóðamótum erlendis.
11. Að koma fram erlendis f.h. körfuknattleikshreyfingarnar í landinu.

Stjórn KKÍ skal hafa samráð við stjórnir sérráða og framkvæmdastjórn ÍSÍ við ákvörðun á alþjóðamótum, sem haldin eru hérlendis ásamt landsmótum.

Stjórn KKÍ hefur frjálstan aðgang að öllum körfuknattleiksmótum og sýningum, sem fram fara innan vébanda KKÍ.

13. grein

Körfuknattleiksráðin og héraðssamböndin eru milliliðir félaga sinna og stjórnar KKÍ. Þau skulu senda stjórn KKÍ allar skýrslur um mót, sem haldin eru innan umdæmisins innan mánaðar eftir að mótinu lauk. Ársskýrslur um störf sérráðsins og tölu virkra körfuknattleiksmanna í umdæminu skulu send stjórn KKÍ fyrir 1. ágúst ár hvert. Af skýrslun-
um ákvarðast fulltrúaréttur og fulltrúafjöldi þeirra á körfuknatt-
leiksþinginu, sbr. 5. gr.

Stjórn KKÍ á rétt á að sitja aðalfundi sérráða, dómara- og þjálfara-
félaga og héraðssambanda, sem eru aðilar að sambandinu.

Dómstóll KKÍ:

14.grein

Dómstóll KKÍ skal skipaður þremur aðalmönnum og þremur varamönnum kjörnum á körfuknattleiksþingi samkvæmt 8.gr. 11.lið. Dómstóll kýs sér formann og starfar að öðru leyti samkvæmt dóms-og refsiakvæðum ÍSÍ og reglugerðum KKÍ. Er mál hefur borist dómstól KKÍ skal það tekið fyrir innan 15 daga.

15.grein

Tillögur um að leggja KKÍ niður má aðeins taka fyrir á lögmetu körfuknattleiksþingi. Til þess að samþykkja þá tillögu þarf minnst 3/4 hluta atkvæða. Hafi slík tillaga verið samþykkt, skal gera öllum sambandsaðilum grein fyrir henni í þingskýrslunni og tillagan síðan láatin ganga til reglulegs þings. Með fulltrúakjöri sínu til þess þings taka aðilar afstöðu til tillögunnar. Verði tillagan samþykkt öðru sinni, er það fullgild ákvörðun um að leggja KKÍ niður.

Ákveður það þing síðan hvernig skuli ráðstafa eignum KKÍ, en þeim má aðeins verja til eflingar körfuknattleiksíþróttarinnar í landinu.

16.grein

Lög þessi öðlast gildi þegar sambandsráð ÍSÍ hefur samþykkt þau.

Þingskjal nr. 4.

Breyting á reglugerðum.

- a) Reglugerð fyrir útbreiðslu- og tækninefnd falli niður.
Í stað komi verksvið fræðslustjóra.
- b) Reglugerð fyrir fjárhagsnefnd.
Niður falli 8. grein (framkv.stj. er starfsmaður nefndarinnar).
- c) Reglugerð fyrir mótanefnd.
Niður falli greinar 10 og 11 og 12.
Í stað greinar 10 komi ný grein:
 10. Mótanefnd skal í samvinnu við dómarnefnd skipa eftirlitsmenn á alla leiki á vegum KÍÍ sem gefi umsögn um framkvæmd leiks og dómgæslu.

Grein 13 verður grein 11.
Grein 14 verður grein 12.

Þingskjal nr. 5.

Tillaga frá Ungmennafélagi Njarðvíkur.

Árþing KÍÍ, haldið í Reykjavík 13.-14. maí 1983 ákveður, að óheimilt verði að nota erlenda leikmenn, sem keppendur í leikjum úrvalsdeildar, leiktímabilið 1983-1984.

Þingskjal nr. 6.

Tillaga frá Sigurði V. Halldórssyni.

2. málsgrein 5. greinar Starfsreglna fyrir aganefnd falli niður.
"Kæri dómari
..... af leikskýrslu."

Þingskjal nr. 7.

Breyting á reglugerð fyrir dómarnefnd.

Reglugerð um dómarnefnd falli út og í staðinn komi ný reglugerð:

1. Yfirstjórn allra dómaramála skal vera í höndum þriggja manna nefndar. Nefndin nefnist dómarnefnd. Stjórn KKÍ skipar einn mann í nefndina en starfandi dómarar tvo. Nefndin kýs sér formann.
 2. Nefndin raðar dómurum á alla leiki meistaraflokks í Íslands-
móti og bikarkeppni, lávarðardeild, alla úrslitaleiki í
öðrum flokkum, skólamótum og firmakeppni.
 3. Dómarnefnd skal skipuleggja dómaramámskeið og sjá um útgáfu
og dreifingu upplýsinga um dómaramál.
 4. Nefndin skipar dómurum í flokka og heldur skrá yfir alla dómara
innan KKÍ og réttindi þeirra.
 5. Réttindi dómara eru tvenns konar, 1. flokks dómarar og ung-
lingadómarar. Dómarar í 1. flokki hafa réttindi til að dæma
leiki í deildakeppni Íslandsmóts og bikarkeppni. Enn fremur
leiki í úrslitakeppni yngri flokka. Aðrir dómarar, sem hafa
réttindi teljast unglíngadómarar.
 6. Dómarar í 1. flokki skiptast á eftirfarandi hátt:
 - a) Níu dómarar, Úrvalsdeildardómarar, dæma alla leiki í
Úrvalsdeild. Úrslitaleiki í yngri flokkum, aukaúrslita-
leiki í Úrvalsdeild, ef eru. Þeim er skipt í þrjá þriggja
manna hópa. Hverjum hópier síðan úthlutað leikjum, sem
dómararnir skipta síðan sjálfir milli sín.
Auk dómgæslu ber þeim að sjá um kennslu á dómaramámskeiðum
og fylgja nýjum dómurum eftir, með eftirliti á "turneringu"
yngri flokka.
 - b) Níu dómarar, 1. deildar dómarar, dæma alla leiki í 1. deild
k. og kv. Aukaúrslitaleiki í 1. deildum, ef eru. Úrslita-
keppni 2. deildar. 1. deildar dómurum er skipt í hópa á
sama hátt og Úrvalsdeildardómurum.
 - c) 2. deildar dómurum er skipt í þriggja manna hópa. Hverjum
hópi er úthlutað leikjum í 2. deild sem þeir skulu dæma.
Auk þess skulu þeir dæma í lávarðadeild og úrslit í skóla-
mótum og firmakeppni.
- Úrvalsdeildar- og 1. deildar dómarar dæma alla eliki í bikar-
keppni meistaraflokks með eftirfarandi skilyrðum: Fjögurra
liða úrslit í meistaraflokki karla dæma þeir dómarar, sem besta
umsögn hafa eftir veturinn. Tveir bestu í 2. deild dæma annan
undanúrslitaleikinn, tveir bestu úr 1. deild hinn. Tveir bestu
dómararnir í Úrvalsdeild dæma úrslitaleikinn. 2. deildar dóm-
arar dæma úrslitakeppni í yngri flokkum.
7. Dómarnefnd setur dómurum starfsreglur í upphafi keppnistímabils
og kynnrir þær félögum.
 8. Dómarar í 1. flokki skulu vera launaðir. Hvert félag skal
greiða dómarnefnd ákveðið gjald, dómara gjald, fyrir hvern leik.
Körfuknattleiksþing ákvarðar upphæð dómara gjalds. Dómarnefnd
ákveður hlut dómara á dómara gjaldi. Félögin skulu greiða dóm-
aragjöld sín á eftirfarandi hátt:

Þingskjal nr. 7 - frh.

- a) Helmingur áætlaðra dómara gjalda skal greiddur fyrir 5. september.
 - b) Eftirstöðvar dómara gjalda skal greiða fyrir 1. febrúar.
9. Dómaranefnd, ásamt mótanefnd, skal skipa eftirlitsmenn á alla leiki á vegum KKÍ, sem gefi umsögn um framkvæmd leiks og dómgaflu.
10. Dómaranefnd eða fulltrúi hennar skal hafa fastan viðverutíma á skrifstofu KKÍ á meðan keppnistímabil stendur yfir.

Þingskjal nr. 8.

Efni: Tillaga fyrir ársþing KKÍ 1983 um breytingu á reglugerð um körfuknattleiksmót.

Körfuknattleiksdeild ÍS gerir hér með eftirfarandi tillögu til breytinga á reglugerð um körfuknattleiksmót:

Úr 3. gr. reglugerðarinnar verði felld eftirfarandi málsgrein:

"Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju meistaraflokksliði að fengnu leyfi KKÍ sbr. reglugerð um erlenda leikmenn".

Að öðru leyti verði 3. gr. óbreytt, sjá meðfylgjandi ljósrit.

Þingskjal nr. 8a.

Efni: Breytingartillaga við tillögu á þingskjali 8.

Aftir setningunni: "...áður en kappleikur fer fram" í 3.gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót, komi ný setning: "...og hafi íslenskan ríkisborgararétt".

Einnig falli úr 3. gr. reglugerðar um körfuknattleiksmót eftirfarandi málsgrein: "Heimila skal einum erlendum leikmanni að leika með hverju meistaraflokksliði að fengnu leyfi KKÍ sbr. reglugerð um erlenda leikmenn".

Að öðru leyti verði 3. gr. óbreytt.

Þingskjal nr. 8b

Breytingartillaga við þingskjal 8a vegna tillagna um breytingu á reglugerð um körfuknattleiksmót.

Eftir setningu 3.gr. um erlenda leikmenn kæmi ný setning:
"Þó skal erlendum leikmönnum óheimilt að leika með meistaraflokksliði keppnistímabilið 1983-1984".

Þingskjal nr. 9

Breytingar á reglugerð um körfuknattleiksmót

A) 17.gr. Setningin: "Náist ekki úrslit á þennan hátt, ber að leika til úrslita", falli út, en í stað komi: "Náist ekki úrslit á þann hátt, gilda FIBA-reglur. Þær kveða á um, að verði lið jöfn að stigum telst það lið sigurvegari, sem fleiri stig hefur hlotið úr innbyrðis viðureignum þeirra. Ef það nægir ekki til að úrslit fáiast, telst það lið sigurvegari, er hefur hagstæðari stigamun úr sömu viðureignum. Náist ekki úrslit á þennan hátt, ber að taka úrslit við næsta lið í röðinni inn í dæmið o.s.frv."

B) 11.gr. Sem þriðja málsgrein komi (eftir.. fjórfalda umferð):
"Fjögur efstu lið Úrvalsdeildar, samkvæmt lokastöðu eftir fjórar umferðir öðlast rétt til þátttöku í úrslitakeppni Úrvalsdeildar, sem leikin skal strax að loknum fjórum umferðunum. Lið raðast í lokastöðu Úrvalsdeildar samkvæmt reglum FIBA.
Úrslitakeppnin skal háð í tveimur lotum þannig: Það lið, sem hafnar í 1.sæti skal keppa tvo eða þrjá leiki við lið úr fjórða sæti. Sömuleiðis skal lið úr 2.sæti leika tvo eða þrjá leiki við lið úr 3.sæti. Skal það lið, sem fyrr sigrar í tveimur leikjum halda áfram í lokaúrslit. Sigurliðin skulu síðan leika tvo eða þrjá leiki sín á milli til úrslita. Það lið, sem yfir sigrar í tveimur leikjum telst sigurvegari Úrvalsdeildar. Um framkvæmd leikja í úrslitakeppninni gilda eftirfarandi reglur: Liðin úr fyrsta og öðru sæti eftir fjórfalda umferð Úrvalsdeildar, skulu leika fyrsta leik úrslitakeppninnar á heimavelli. Annar leikurinn skal leikinn á heimavelli liðanna úr 3.og 4.sæti. Þurfi þriðja leikinn skal leikið á heimavelli liða úr 1.og 2.sæti.
Um leikstað í síðari lotu úrslitakeppninnar skal gilda, að lið það, sem hafnaði í efra sæti í lokastöðu Úrvalsdeildar, saki leika fyrsta leikinn á heimavelli, annan leik á útivelli og þriðja leik á heimavelli. Um tekjuskiptingu í fyrsta og öðrum leik í báðum lotum gilda reglur um tekjuskiptingu í Íslandsmóti, en komi til þriðja leiks, skulu reglur um tekju-og útgjaldaskiptingu í bikarkeppni KKÍ gilda".

Þingskjal nr. 10

Reglugerð um veitingu heiðursmerkja

Stjórn Körfuknattleikssambands Íslands veitir þeim mönnum heiðursviðurkenningar, sem unnið hafa af atorku og dugnaði að vexti og viðgangi körfuknattleiksíþróttarinnar.

Heiðursviðurkenningar eru þessar:

- a) Drengjalandsliðsmerkið
- b) Unglingalandsliðsmerkið
- c) Landsliðsmerkið
- d) Gullúr fyrir 100 landsleiki
- e) Sambandsmerkið
- f) Gullmerkið

Við veitingu heiðursviðurkenninga ber að hafa eftirfarandi í huga:

Drengjalandsliðsmerkið

Drengjalandsliðsmerkið skal sáma þá drengi, sem leika í íslenska drengjalandsliðinu í milliríkjaleikjum.

Unglingalandsliðsmerkið

Unglingalandsliðsmerkið skal sáma þá unglunga, sem leika í íslenska unglingalandsliðinu í milliríkjaleikjum.

Landsliðsmerkið

Landsliðsmerkið skal sáma þá leikmenn sem leika í íslenska landsliðinu í milliríkjaleikjum.

Gullúr fyrir 100 landsleiki

Stjórn KKÍ skal veita þeim körfuknattleiksmönnum sem náð hafa að leika 100 landsleiki gullúr í viðurkenningarskyni.

Sambandsmerkið

Sambandsmerkið veitist þeim sem unnið hafa vel og dyggilega að eflingu körfuknattleiksíþróttarinnar í áratug eða lengur. Merkið má sáma þá menn er leika gegn íslenska landsliðinu í milliríkjaleikjum og erlenda leiðtoga og fulltrúa í körfuknattleik.

Gullmerkið

Gullmerkið veitist aðeins þeim mönnum sem unnið hafa körfuknattleiksíþróttinni langvarandi og þýðingarmikil störf.

Þeir sem hljóta heiðursviðurkenningar Körfuknattleikssambands Íslands skulu einir hafa rétt til þess að bera þær og er þeim ekki heimilt að láta þær af hendi.

Þessir aðilar hafa hlotið gullmerki KKÍ: Bogi Þorsteinsson, Magnús Björnsson, Ingi Gunnarsson, Hólmsteinn Sigurðsson, Einar Bollason, Kent Finanger, Einar Ólafsson, Þórir Þorgeirsson, Gunnsteinn Karlsson, Guðmundur Guðmundsson.

Dingskjal nr. 11

Viðbót við reglugerð um körfuknattleiksmót

10.gr Keppni í öðrum flokkum á Íslandsmóti innanhúss en í deildum karla og kvenna svo og I og II fl.karla skal hagað á eftirfarandi hátt:

a) Í 3 og 4 aldursflokkum karla og 2 og 3 aldursflokkum kvenna svo og MB skal skipta liðum í 5-7 liða riðla þar sem þátttaka leyfir. Hver riðill mætist þrisvar á keppnistímabilinu, eina helgi í hvert skipti og leika allir við alla. Stefnt skal að því, að MB og 4 fl. karla svo og 3 fl. kvenna leiki saman um helgi og 5. og 3. flokkur karla og 2. fl. kvenna um aðra. Samtals eru því hér um 6 helgar að ræða, auk úrslitakeppni.

Keppni þessi skal fara fram í nóvember, janúara og mars og úrslit í apríl. Samanlagður árangur úr þessum umferðum ræður röð liðanna. Í úrslitakeppni hvers aldursflokks komast tvö efstu liðin úr hverjum riðli. Riðill með 4 lið eða færri á þó aðeins rétt á að senda 1 lið í úrslitakeppnina. Í úrslitakeppninni leika allir við alla (1 umferð). Íslandsmeistari í hverjum aldursflokkum verður sá er flest stig hlýtur í úrslitakeppninni.

Leikið skal laugardag og sunnudag. Komi í ljós áður en mót hefst að forföll hafi orðið á þátttöku er mót nefnd heimilt að færa lið milli riðla, svo fjöldi liða í riðlum verði sem jafnastur. KKÍ ber að tilnefnda minnst einn dómara til umsjónar með hverri keppni. Skal hann ábyrgur fyrir leikskýrslum: að þær séu rétt útfylltar og að þær berist mótanefnd KKÍ innan tveggja daga frá keppni. Jafnframt starfar hann sem eftirlitsmaður með framkvæmd leikja og úrskurðar um öll deilumál er upp kunna að koma eftir að keppni hefst.

b) Þátttökuliðin í 1. og 2. flokkum karla skal skipt í riðla ef liðin eru 8 eða fleiri. Leikin skal einföld umferð, allir við alla. Þeir sem flest stig hljóta í riðlinum keppa til úrslita. Sigurvegari er sá sem sigrar í úrslitakeppninni.

c) Stjórn KKÍ skal í samráði við allsherjarnefnd setja reglur um skiptingu kostnaðar vegna keppni þessarar.

Dingskjal nr. 12

Efni: Tillaga fyrir ársþing KKÍ 1983 um breytingu á reglugerð um körfuknattleiksmót

Við 5. málsgrein 26. greinar bætist eftirfarandi:

"Ef innkomið fé nægir ekki fyrir útgjöldum skal þeim skipt jafnt milli beggja liðanna".

Þingskjal nr. 13

Tillaga fyrir ársþing KKÍ 1983 um breytingu á reglugerð um körfuknattleiksmót.

28.grein, 3.málgrein orðist svo:

" Í Íslandsmóti skal afhenda verðlaunapeninga þeim liðum sem eru í fyrsta og öðrusæti, 14 peninga hvoru liði".

Þingskjal nr. 14

Breytinga á reglugerðu um körfuknattleiksmót

8.grein: á eftir 1.málgrein komi:

"Leikmenn sem leikið hafa leik eða leiki í Úrvalsdeild, 1.eða II deild á yfirstandandi keppnistímabili eru ekki hlutgengir í Lávarðadeild".

10.grein:Ný málgrein, á undan:

"Sigurvegarar í 1.deild öðlist o.s.frv.", sem sé: " Í Lávarða-deild skal leikin tvöföld umferð á tímabilinu nóvember til mars".

Þingskjal nr. 15

Reglugerð um kjörnefnd

Stjórn KKÍ skal skipa kjörnefnd eigi síðar en tuttugu og einum degi fyrir ársþing KKÍ og skal nefndin leggja fram tillögur til ársþings um nýja stjórnarmenn eins og lög gera ráð fyrir.

Þingskjal nr. 16

23.ársþing KKÍ haldið 13.maí ályktar: Að KKÍ skipi sérstaka samninganefnd vegna samninga við Ríkisútvarpið/Sjónvarp. Nefndin skal skipuð einum fulltrúa frá KKÍ, úrvalsdeildarliða og landsliðsnefndar. Nefndin ákveður tekjuskiptingu milli KKÍ, úrvalsdeildarliða og landsliðs.

Nefndin skal stefna að, að hafa lokið störfum fyrir 20.ágúst 1983.

Þingskjal nr. 17

Reglugerð um körfuknattleiksmót

3.grein: Á eftir 1.málsgrein komi: "Fyrir félagsskipti skal leikmaður greiða stjórn KKÍ ákveðið grunngjald sem ársþing ákveður fyrir hvert keppnistímabil. Við fyrstu félagsskipti greiðir leikmaður einfalt grunngjald. Skipti sami leikmaður aftur um félag á keppnistímabilinu tvöfaldast grunngjaldið, fjórfaldast við þriðja skipti o.s.frv."

Grunngjald fyrir keppnistímabilið '83-'84 skal vera kr. 200.-

Þingskjal nr. 18

Ársþing KKÍ 13.-14.maí 1983 ályktar:

Reikningseyðublöð KKÍ skulu hér eftir ávallt vera númeruð og prentuð í þríriti og skal eitt eintak geymt á skrifstofu KKÍ í röð númera. Allir reikningar skulu vera gerðir af framkvæmdastjór/gjaldkera KKÍ.